

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 324/2021**

**frá 10. desember 2021**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1098 frá 2. júlí 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 24-epíbrassinólíð, laukúdrátt úr *Allium cepa* L., sýflúmetófen, flúdíoxóníl, flúroxýpýr, natríum-5-nítrógvæjakólat, natríum-o-nítrófenólat og natríum-p-nítrófenólat í eða á tilteknum afurðum <sup>1</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1110 frá 6. júlí 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, bixafen, fenasakín, spínétóram, teflútrín og þienkarbasónmetýl í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 239, 7.7.2021, bls. 4.

- „- **32021 R 1098**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1098 frá 2. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 5),
- **32021 R 1110**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1110 frá 6. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 239, 7.7.2021, bls. 4).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32021 R 1098**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1098 frá 2. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 5),
- **32021 R 1110**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1110 frá 6. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 239, 7.7.2021, bls. 4).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/1098 og (ESB) 2018/1110, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

forseti.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.